

Verkmenntaskóli Austurlands

SAGA2ÁN05

# Síldarverksmiðja á hjara veraldar

---

Jón Jónsson

Haustönn 2016

## Efnisyfirlit

Inngangur	3
Aðdragandi og fyrri saga	4
Bygging verksmiðjunnar	6
Starfsemi	7
Endalok Djúpuvíkur	9
Nýtt upphaf	10
Lokaorð	11
<b>Heimildir</b>	<b>12</b>

## Inngangur

Eitt fámennasta sveitarfélag Íslands er Árneshreppur á Ströndum, íbúarfjöldi í byggðarlaginu 1. júní 2016 taldi alls 55 manns (Árneshreppur, 2016). Hreppurinn teygir sig frá Kaldrananeshreppi í suðri að sveitarfélagsmörkum Ísafjarðarbæjar í norðri. Strandlengjan sem liggur frá botni Hrútafjarðar norður eftir Vestfjarðarkjálkanum austanverðum útskýrir viðurnefnið „Strandirnar“, sem oftar en ekki er notað í daglegu tali. Mikilfenglegt landslag einkennir Strandirnar, en hreppurinn nær yfir mjög víðfeðmt svæði, strandlengjan er löng og vogskorin, fjöllin há og ganga víða í sjó fram svo undirlendi er ekki mikið (Árneshreppur á Ströndum, e.d.). Strandirnar eru í dag annálaðar fyrir galdrafár sem átti að hafa átt sér stað á seinni hluta 16. aldar þegar fjölmargir voru sakaðir um galdra, sem leiddi til þess að þeir voru brenndir á báli (Ólína Þorvarðardóttir, 2004, bls. 7). Þessi saga sveipar staðinn ævintýralegum blæ og dulúð. Þessi þáttur auk stórbrotinnar náttúru á afskekktu svæði á Vestfjarðarkjálkanum þar sem svo sannarlega kyrrðin og friðurinn ríkir hefur laðað að sér margan ferðamanninn í seinni tíð. Sú saga sem rekin verður í þessari ritgerð verður þó ekki um galdrafár á seinni hluta 16. aldar (Árneshreppur á Ströndum, e.d.).

Innarlega við sunnanverðan Reykjafjörð í ægifygru umhverfi stendur þorp lítið við samnefnda vík, sem nefnist Djúpavík. Fyrir neðan klettabelti sem gnæfir yfir bænum í suðri og Djúpavíkurfoss fellur fram af klettinum stendur yfirgefin verksmiðja og ryðgað stálskip í fjörunni (Olga Árnadóttir, 2013, bls. 13). Verksmiðja og þorp sem svo sannarlega á sér ríka og merkilega sögu sem margur kann að undra sig á í dag. Eftir að hafist var handa við að reisa verksmiðjuna árið 1934 var hún farin að framleiða bæði síldarmjöl og lýsi aðeins ári seinna, 7. júlí 1935. Síldarverksmiðja þessi var stórvirki á þeim tíma og voru miklar vonir bundnar við hana eftir að svokallað síldarævintýri hófst. Verksmiðjan var stærsta bygging sem reist hafði verið úr steinsteypu á landinu, 90 metra löng á þremur hæðum. Var hún útbúin fullkomnustu tækjum til síldarbræðslu og vinnslu á lýsi á þeim tíma (Djúpavík, e.d.). Ýmsar nýjungar voru teknar í gagnid sem bar þess merki að nútíminn væri genginn í garð. Þar má nefna löndunarkrana sem var sá fyrsti sinnar tegundar á landinu og færíböndin sem fluttu



síldina inn í þrænar sem voru innbyggðar í verksmiðjuna (Árneshreppur á Ströndum, e.d.). Þegar síldarstarfsfólkið kom til Djúpuvíkur kom staðurinn þeim spáskt fyrir sjónir, þar var ekki að finna kirkju, lögreglu, hreppstjóra, bakarí né annað sem var í mörgum bæjum landsins á þeim tíma. Alls voru starfsmenn verksmiðjunnar um 60 en á annað hundrað manns störfuðu við söltunina. Verksmiðjan borgaði sig upp á met tíma og mikill uppgangur ríkti. Nítján árum síðar þögnuðu allar vélar í Djúpuvík, en árið 1951 var nánast öll síld horfin úr Húnaflóanum. Fólk tók að flytja í burtu enda atvinna af skornum skammti. Djúpavíkursíldarævintýrinu var lokið. Eftir stendur verksmiðjan enn þann daginn í dag, minnisvarði um liðna tíma (Síldarverksmiðjan í Djúpavík, e.d.).

Í ritgerð Olgu Árnadóttir til BA – prófs í Arkitektúr (Olga Árnadóttir 2013, bls. 22) tekur hún síldarverksmiðjuna í Djúpuvík fyrir og nær að orða sögu þess á einstakan máta. „*Þetta er saga lítills þorps á hjara veraldar, saga um stóra drauma og líflegt mannlíf en á sama tíma er þetta saga um brostnar vonir og líf sem dó*“.

Farið verður yfir aðdraganda verksmiðjunnar og fyrri sögu Djúpuvíkur. Greint verður frá byggingu verksmiðjunnar og tækninýjungum sem teknar voru í gagnið. Í framhaldinu af því verður starfsemi verksmiðjunnar gerð skil. Loks verður fjallað um endalok síldarverksmiðjunnar og enduruppbyggingu Djúpuvíkur.

### **Aðdragandi og fyrri saga**

Saga Djúpavíkur hefst árið 1917 þegar maður að nafni Elías Stefánsson setti á stofn síldarsöltunarstöð. Þar með hefst hin eiginlega saga Djúpuvíkur, en aðal atvinnuvegur í héraðinu hafði verið bundinn við landbúnað í um hundruð ára. Þegar Elías kom hafði engin byggð verið í Djúpuvík en nú flyktist fólk víða af landinu til Djúpuvíkur í sumarvinnu. Uppgangur var mikil og hraður, reist voru verslunar og íbúðarhús, bryggjur byggðar og síldarplön, meira að segja bakarí. Starfsemin neyddist til að hætta eftir aðeins tvö ár þegar kreppan skall á, þar með lauk síldarævintýri Elíasar í Djúpuvík. Árið 1924 keyptu Alliance og Sleipnir eignina, en árið 1933 varð Alliance eigandi að henni allri (Árneshreppur á Ströndum, e.d.).

Fáa grunaði hvað næsta ævintýri myndi hafa í för með sér. Árið 1934 komu nokkrir menn saman á Hótel Borg og stofnuðu hlutafélag með það markmið að, reisa fullkomna síldarverksmiðju á Djúpuvík og reka. Þeir sem komu að þessu og voru stærstu hluthafarnir, voru útgerðarfélagið Alliance og Einar Þorgilsson & Co. Alliance átti við stofnun hlutafélagsins 2/3 hluta í Djúpuvík og Einar Þorgilsson & Co. áttu 1/3, eða rest. Félagið fékk nafnið h/f Djúpavík og ákveðið var að hlutafé skyldi vera 300.000 kr.. Fé til að fjármagna byggingu þessa mikla mannvirkis reyndist erfitt að fá hér innanlands, því var leitað til Svíþjóðar. Félagið fékk lán að upphæð 400.000 kr. sænskar frá bankanum Solborg Bank A/b til fimm ára. Þau skilyrði voru hins vegar sett að Landsbankinn skyldi veita ábyrgð fyrir því (Þorsteinn Matthíasson, 1973, bls. 67).

Hvað fékk eiginlega þessa bjartsýnu og stórhuga menn til að stofna og starfrækja síldarverksmiðju á svo afskekktum stað í skugga kreppu. Í grein *Vikunar* árið 1941 er viðtal við Ólafi H. Jónsson framkvæmdarstjóra Alliance um starfsemi Djúpuvíkur eftir rekstur í sex ár. Höfð eru eftir honum eftirfarandi orð (Drottning hafsins og Djúpavík, 1941). „*Djúpavík er við Reykjafjörð á Ströndum. Þangað eru slæmar samgöngur á landi, því að bílvegur nær ekki lengra en til Hólmavíkur. Höfnin á Djúpavík er aftur á móti ágæt, og staðurinn liggur vel við veiði, því að stutt er á miðin.*“

Það voru því einkum þessi landfræðilegu skilyrði sem fékk þessa bjartsýnismenn til að starfrækja síldarverksmiðju í Djúpuvík eftir að síldin lét sjá sig í svo miklum magni sem hún gerði á þessu svæði. Þrátt fyrir slæmar samgöngur þá var stutt á miðin og hafnarskilyrði voru góð (Drottning hafsins og Djúpavík, 1941).

Í skugga kreppunnar var einnig ljóst að grípa þurfti til einhverja ráða þegar hart var í ári og atvinnuleysi mikið. Eftir að heimskreppan barst til Íslands haustið 1930 varð mikið verðfall og sölutregða á sjávarafurðum. Sökum fjárhagsörðugleika, minnkaði úthald flotans og botnfiskafli dróst verulega saman. Því var litið til drottningar hafsins. Samhliða því var mikill síldaraflí og voru það þessar stórauðnu síldarveiðar og vinnsla víðs vegar um landið á síðari hluta fjórða áratugsins sem héldu þjóðarbúinu gangandi. Síldaraflinn jókst um meira en helming á árunum 1935 til 1939. Ákvörðun þeirra kemur því eilítið spánskt fyrir sjónir sé litið til markaðsskilyrða en þeir voru bjartsýnir. Ólíkt ýmsum fjármögnunum og atvinnusköpum

eftir kreppu þurfti ríkið ekki að koma að þessum framkvæmdum (Jakob F. Ásgeirsson, 2000 bls. 45).

## Bygging verksmiðjunnar

Byggingin sem slík er stórmerkileg út af fyrir sig, er hún gríðarstór og var útbúinn tækjum, búnaði og vinnuaðferðum sem áður höfðu ekki sést. Helga Eyjólfssyni byggingarmeistara var falið að stjórna byggingu verksmiðjunnar sem hófst árið 1934. Að ráða þennan mann var einkum merkilegt fyrir þær sakir að hann var aðeins 28 ára þegar hann réðst í þetta verkefni. Guðmundur Guðjónsson verkfræðingur teiknaði verksmiðjuhúsið og hafði eftirlit með verkinu, en dvöl hans lengdist í Djúpuvík því hann varð svo forstjóri verksmiðjunnar. Sigurður Thoroddsen verkfræðingur teiknaði síðan bryggjur, tanka og reykháf. Eins og áður kom fram tók aðeins eitt ár að reisa bygginguna sem er ótrúlegt ef tekið er tillit til umfangs verkefnisins og þeirra tækni sem var til staðar. Huga þurfti að mörgu og margar hendur þurftu að vinna samstillt verk. Ekki var lagður vegur norður í Árneshrepp fyrr en árið 1965, því þurfti að flytja allt byggingarefni sjóleiðis. Eins og gefur að skilja þurfti að hugsa fyrir öllu því ekki var hægt að skreppa í næstu búð ef eitthvað vantaði. Helgi flutti 30 manna vinnuflokk frá Reykjavík og viðbótin kom frá nágrenninu. Taka skal fram að engin byggð var í Djúpuvík þegar framkvæmdir hófust. Þó svo að verksmiðjan sjálf hafði að geyma ýmsar nýjar tækninýjungar og af stærðargráðu sem ekki þekktist á Íslandi á þeim tíma, þá voru vinnuaðferðir við byggingu frumstæðar í samanbórið við það. Handaflíð var óspart notað og voru hjólbörur, haki og skófla verkfæri þessa tíma. Einnig nýttu menn sér taliur og vogaraflíð með ýmsu móti. Rétt er þó að taka fram að aðferðirnar voru ekkert frumstæðari en gekk og gerðist á þeim tíma. Til að flytja efnið í uppfyllinguna voru notaðir járnbrautarteinar og var þeim ekið með handaflí neðan til úr fjallinu. Efni í steypuna var fengið innar úr firðinum sem mokað var með skóflum upp á 1,5 tonna Ford 28 vörubíl. Á meðan á verkinu stóð höfðust vinnumennirnir við í strandferðaskipinu Suðurlandinu og byggðir voru skúrar sem bráðabirgðarhúsnæði (Olga Árnadóttir, 2013 bls. 33; Guðmundur Steinarr Gunnarsson, viðtal við höfund, 11. október 2016).

Ári seinna eða 7. júlí 1935 hófst framleiðsla í verksmiðjunni, en næstu ár voru notuð í ýmsan frágang og aðrar framkvæmdir. Til dæmis var vélarkostur aukin árið 1936 og þar með framleiðslugeta verksmiðjunnar (Þorsteinn Matthíasson, 1973. bls. 34). Fullbyggð var

síldarverksmiðjan 90 metra löng á þremur hæðum og þar af leiðandi langstærsta steinsteypta bygging á Íslandi. Ljóst er að sögulegt og mikið byggingarverk hafði verið unnið þegar verksmiðjan í Djúpuvík reis, fullkomnasta síldarverksmiðjan í Evrópu hafði litið dagsins ljós. Nútíminn var genginn í garð í öllu sínu veldi (Sagan, þegar hjólin fóru að snúast, e.d.). Nánar verður greint frá því í næsta kafla. Sem dæmi þá var eins og áður kom fram notaður löndunarkrani fyrstur sinnar tegundar til hagræðingar í uppskipun og síldin flutt á færiböndum inn í verksmiðjuna.

## Starfsemi

Í þessari stærstu og flottustu síldarverksmiðju á landinu sem bjó yfir fullkomnustu tækni til vinnslu í framleiðslu síldarmjöls og lýsis starfaði fjöldann allur af fólki hjá fyrirtækinu h.f. Djúpuvík. Á annað hundruð manns störfuðu við söltunina, en fastir starfsmenn voru um 60. Auk þess starfaði fólk í mótuneyti og á skrifstofu, auk fjölda annarra starfa.

Verksmiðjunnar er hægt að skipta gróflega í tvo hluta, annarsvegar verksmiðjuna sjálfa þar sem vinnslan fór fram í vélarýmum og hinsvegar geymslurými á tveimur hæðum.

Hráefnisgeymslurnar voru í kjallaranum undir geymslurýminu, en mjölgangurinn var aflan-



rými sem gekk upp úr þakinu og var efsti partur verksmiðjunnar. Þar var mjölið sekkjað áður fyrr.

Leið síldarinnar lá í gegnum allt húsið, frá því að fiskinum var landað, þar til hann var settur í geymslu. Frá bryggjunni þar sem síldinni var landað upp úr

skipunum fór hún í kjallara verksmiðjunnar á 120 metra löngu færibandinu. Þar fór síldin inn í geymsluþræ sem voru innbyggðar í verksmiðjunnar og þar var hún geymd þar til hún fór til frekari vinnslu inn í vélasal. Færibaldið lá frá bryggjunni og upp í gegnum endilanga þróna og hægt var að láta síldina falla af færibandinu hvar sem var í þróna (Olga Árnadóttir, 2013, bls 45). Mikil hagræðing var fólgin í þessu. Samkvæmt Ólafi H. Jónssyni var hægt að losa 4

-5 sinnum fleiri mál á klukkustund heldur en með gömlum aðferðum. Færiband af þessu tagi var nýtt af nálinni og hafði ekki verið notað hér á Íslandi við síldarflutninga. Þó þekktist þetta eitthvað í Noregi en var algengt í Ameríku. Með sjálfvirkri löndunartækni sem landaði síldinni úr skipunum, mældi hana og hvolfdi henni í lyftu sem flutti hana á færibaldið var hægt að losa um 400 til 500 mál á klukkustund. Á meðan gat færibaldið flutt í þróna um 1000 til 1200 mál á sama tíma. Árið 1941 voru afköstin 4800 mál á sólarhring.

Með þessu mót var hægt að flýta lönduninni til muna og gerði hana mikið auðveldari fyrir skipverja sem einungis þurftu að moka að skúffunum þegar tekið var úr lest. Þetta þýddi að þeir fengu meiri hvíld, en vegna stuttrar innsiglingar fengu þeir oft litla hvíld ef veiði var mikil. Um var að ræða fyrstu yfirbyggðu þróu hér á landi og tók hún ca. 18 þúsund mál síldar, eða um 2430 tonn. Til að setja það í samhengi við nútímann þá er burðargeta Barkar NK-122, eins af stærstu uppsjávarskipum íslenska flotans í dag, 2500 tonn. Ástæða fyrir yfirbyggingunni var sú að síldin skemmdist síður vegna þess að hún var varin fyrir áhrifum sólar og regns sem hafði áhrif á gæði fisksins (Drottning hafsins og Djúpavík, 1941).

Vinnsla á síldinni má skipta í tvennt. Hún var söltuð í tunnur annars vegar og hins vegar brædd og framleitt úr henni lýsi og mjöl.

Gufuvél var notuð til að sjóða síldina. Lýsi sem verksmiðjan framleiddi fór í gegnum sex skilvindur sem skildu úr því vatn og föst efni. Eftir það var lýsið flutt í steinsteypa tanka fyrir utan verksmiðjuna sem rúmuðu 5,6 tonn. Skilvindur á borð við þessar höfðu ekki verið notaðar hér á landi áður. Fyrir ofan síldarþróna, efsta hluta verksmiðjunnar er mjölkhus þar sem mjölið var sekkjað á svokölluðum mjölgangi. Á annari hæð hússins voru pokarnir fluttir í mjölgeymsluna, þaðan var þeim rennt út um dyrapalla niður á bíl.

Fyrir utan verksmiðjuna var plan þar sem söltun fór fram. Síldin var söltuð í tunnur og þar unnu vanalega um 200 manns á meðan 60 manns störfuðu í verksmiðjunni. Fjöldi starfsmanna var þó misjafn eftir árum sem og var veiðin og þar af leiðandi vinnslan (Olga Árnadóttir, 2013, bls. 35). Í viðtali við Ólaf frá 1941 voru um 60 manns að vinna í verksmiðjunni á tvískiptum vöktum en við síldarsöltun voru um 60 stúlkur og 20 karlmenn (Drottning hafsins og Djúpavík, 1941).



Síldarverksmiðjan hafði yfir að ráða samningsbundnum togurum og skipum sem skiluðu verksmiðjunni hráefni. Misjafn var hvað þeir voru margir, eða allt frá sex til sextán.

Ósamningsbundin skip lönduðu jafnframt miklum afla til vinnslu hjá verksmiðjunni.

Ár	Mál af síld til bræðslu	Saltaðar tonnur af síld
1935	17.684	2094
1936	84.871	11.290
1937	198.462	10.649
1938	136.200	10.157
1939	89.300	11.532
1940	187.834	1.603
1941	100.874,50	Ófundid
1942	145.358	Ófundid
1943	130.582	Ófundid
1944	154.033	Ófundid
1945	29.966	Ófundid
1946	41.297	Ófundid
1947	44.385	3.000
1948	17.612	Ófundid
1949	2.001,80	Ófundid
1950	313	1.623

Hluthafar Djúpavíkur Alliance og Einar Þorgilsson & Co. létu síldarveiðiskipin sín leggja upp sumaraflanum á Djúpavík. Einnig keypti h/f Djúpavík togarann Rán árið 1939 og gerði út til ársins 1945 þegar hann var seldur.

Hér til hliðar ber að líta töflu yfir síld sem fór til bræðslu og síldar sem var söltuð í tonnur. Tölurnar ná til ársins 1950, en ekki var hægt að finna tölur yfir fjölda saltaðra tunna öll árin. Til að setja hlutina í samhengi, þá tekur eitt mál um 135 kíló af síld og tunnan um 100 kíló af síld. Eins og tölurnar gefa til kynna þá var reksturinn frekar sveiflukenndur, samt sem áður borgaði

verksmiðjan sig upp að fullu á örfáum árum. Þetta má að einhverju leyti rekja til síðari heimstyrjaldarinnar, en við hana stigu útflutnings-vörur í verði og eftirspurn þeirra óx. Sem dæmi þá varð hagnaður félagsins 574.475 kr. árið 1939 við verðuppbót síldarafurða þrátt fyrir mun minna framleiðslumagn heldur en árin áður. Áberandi er hve skart fór að halla undan fæti árið 1945 þegar aðeins tæplega 30.000 málum er landað, en árið áður var landað 154.000 málum. Því má segja að 1944 sé síðasta árið sem verulegt síldarmagn veiðist í Húnaflóanum.

Eftir 10 ára rekstur hf Djúpavík hafði verið tekið á móti og unnið úr 1.300.000 málum bræðslusíldar. Verðmæti framleiðsluvara sem selt var frá verksmiðjunni voru 42 milljónir og 8 milljónir greiddar í vinnulaun. Auk þess voru 950 þús. borgað í tolla. Þessar tölur er byggðar á gengi þáverandi tíma, því er um að ræða talsvert háar fjárupphæðir (Þorsteinn Matthíasson, 1973, bls 67).

## Endalok Djúpuvíkur

Ástæður þess að ekki var lengur grundvöllur fyrir áframhaldandi rekstri síldar-verksmiðjunnar í Djúpuvík eru hvorki margar né flókna. Síldin hvarf af miðunum. Afli til vinnslu í Djúpuvík náði hámarki árið 1944 og eftir það minnkaði hann hratt. Gripið var til ýmissa tilrauna til reyna að halda áfram rekstri, en allt kom fyrir ekki. Þegar vitað var í hvað stefndi reyndu íbúar

þorpsins til dæmis að gera út einn til tvo vélbáta til þorskveiða á veturna og einnig var karfi bræddur í verksmiðjunni. Einnig voru hugmyndir uppi um að breyta verksmiðjunni í frystihús, en aldrei varð úr þeim áformum. Árið 1954 þögnuðu allar vélar í Djúpuvík, síldarvævintýrinu var lokið. Þá hafði verksmiðjan verið í rekstri í nítján ár.

Fólk flutti frá Djúpuvík, bæir lögðust í eyði og eftir stóð þorpið mannlaust (Djúpavík, e.d.). Það var þó ekki fyrr en árið 1968 sem hlutafélagið hf Djúpavík var leyst formlega upp. Þá hafði vitanlega starfsemi verksmiðjunnar legið niðri og félagið gat ekki séð sér fært um að standa undir vaxtarbyrði skulda, sem á það hlóðst. Félagið var því leyst upp, þegar 34 ár voru liðin frá stofnun þess.

Þrátt fyrir áfallið við að verksmiðjan lagðist af, var ekki hjá því litið að starfsemi þess var mikil lyftistöng fyrir byggðina og hagsbót fyrir kynslóðirnar sem ólust þar upp (Þorsteinn Matthíasson, 1973, bls. 80).

## Nýtt upphaf

Þegar þorpið hafði staðið mannlaust í 31 ár urðu ákveðin þáttaskil í sögu Djúpuvíkur. Hjónin Eva Sigurbjörnsdóttir og Ásbjörn Þorgilsson fluttu ásamt þremur börnum sínum til Djúpuvíkur. Það vakti eftirtekt þeirra hve margir ferðamenn voru á svæðinu og ákváðu því að opna hótél. Uppbygging staðarins hefur farið hægt og rólega af stað þar sem gömlu gildin eru í hávegum höfð. Það sem hefur einkennt rekstur hótelsins öll þessi ár eru hlýja og virðing fyrir gamla tímanum.

Hjónin hafa lagt ómælda vinnu í að byggja staðinn upp. Fljótlega eftir að hjónin settust að gerðu þau upp gamla „kvennabraggann“ og breyttu í hótél. Eins og gefur að skilja er verksmiðjan og saga þess eitt helst aðdráttarafl staðarins og hafa hjónin eftir bestu getu reynt að bjarga og varðveita húsið alveg frá byrjun. Samhliða því að byggja upp ferðaþjónustu til að geta haft lífsviðurværi af verunni í Djúpuvík hafa þau unnið að því að gera verksmiðjuna upp, en ásigkomulag verksmiðjunnar var vægast sagt slæmt þegar þau komu til Djúpuvíkur.

Starfsemin er fjölbreytt og boðið er upp á allskyns þjónustu og afþreyingu á staðnum sem er staðarhöldurum til mikils sóma. Fyrir utan að boðið er upp á gistingu og rekinn veitingastaður, er gestum boðið upp á leiðsöguferð í gegnum síldarverksmiðjuna. Jafnframt

Því er í vélarsal síldarverksmiðjunnar sögusýning þar sem hægt er að fræðast um sögu Djúpuvíkur í máli og myndum, sem nefnist Sögusýning Djúpuvíkur.

Einnig standa þau fyrir ljósmyndasýningu sem haldin er í verksmiðjunni sem nefnist „The Factory“. Um er að ræða alþjóðlega ljósmyndasýningu þar sem ljósmyndarar frá öllum heimshornum fá að láta ljós sitt skína. Auk ljósmyndarsýningar er staðið fyrir ýmsum öðrum menningarviðburðum í verksmiðjunni. Haldnir eru tónleikar, listasýningar sýndar, leikrit hafa verið sett upp og aðrir listgjörningar. Sem dæmi þá hélt hljómsveitin Sigur Rós tónleika sumarið 2006 og haldin hafa verið árleg skákmót í ævintýralegu umhverfi gömlu verksmiðjunnar (Olga Árnadóttir, 2013, bls. 79-81).

## Lokaorð

Þegar komið er til Djúpuvíkur er eitthvað við andrúmsloftið og umhverfið sem gefur til kynna að merkilegir hlutir hafi átt sér stað.

Saga verksmiðjunnar er á margan hátt mjög áhugaverð. Sérstaka athygli vekja þær miklu tæknilegu nýjungar í vinnubrögðum og vinnulagi sem teknir voru upp við framleiðslu verksmiðjunnar. Þeirri staðreynd að síldaverksmiðjan var fullkornasta síldarverksmiðja í Evrópu, stórt og mikið mannvirki útbúin tækjum og búnaði sem best var á kosið á þeim tíma. Einnig þegar litið er til þess að nær ekkert var þarna þegar hafist var handa við byggingu verksmiðjunnar. Á örstuttum tíma starfaði þar fjöldinn allur af fólki og fjölskrúðugt og blómlegt mannlíf ríkti á þessum afskekktu stað norður á Ströndum. Umfang verksmiðjunnar var mikið og á undraverðum tíma náði hún að borga sig upp.

Mikil menningarverðmæti tel ég að séu fólgin í þessari byggingu og þorpi sem ber að hlúa að. Að geta heimsótt stað sem slíkan og skoðan leifar af atvinnusögu okkar Íslendinga byggt á miklum umbrotatímum í þjóðfélaginu eru forréttindi. Geta virt fyrir sér þessa mikla byggingu sem hefur svo mikla og jafnframt stutta sögu að geyma, staðið og gert sér hugarlund hvernig var áhorfs fyrir 80 árum síðar þegar verksmiðjan malaði gull. Bátar siglandi inn fjörðinn, fólk á hlaupum, fjöldinn allur af fólki við síldarsöltun og verksmiðjan í fullu fjöri.

## Heimildir

Árneshreppur. (2016). *Vefsíða Samband íslenskra sveitarfélaga*. Sótt 26. október 2016 af <http://www.samband.is/sveitarfelogin/vestfiridir/arneshreppur/>

Árneshreppur á Ströndum. (e.d.). *Land og Saga*. Sótt 29. október 2016 af [https://landogsaga.is/section.php?id=321&id\\_art=381](https://landogsaga.is/section.php?id=321&id_art=381).

Djúpavík. (e.d.). *Vefsíðan Land og saga*. Sótt 3 nóvember 2016 af [http://www.landogsaga.is/section.php?id=10&id\\_art=650](http://www.landogsaga.is/section.php?id=10&id_art=650).

Drottning hafsins og Djúpavík. (1941). *Vikan*, 4(41), bls. 1, 3 – 4. Sótt 23. október 2016 af [https://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?pageId=4426014](https://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=4426014)

Jakob F. Ásgeirsson. (ritstjóri) (2000). *20. öldin. Brot úr sögu þjóðar*. Reykjavík: Nýja Bókafélagið.

Olga Árnadóttir. (2013). *Endurgerð og umsköpun gamalla bygginga: Síldarverksmiðjan í Djúpavík*. (Lokaritgerð til BA- prófs í arkitektúr). Listaháskóli Íslands.

Ólína Þorvarðardóttir. (18. júní 2004). Af hverju voru galdraofsóknir svona algengar á Ströndum? *Vísindavefurinn*. Sótt af: <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=4357>.

Sagan, þegar hjólin fóru að snúast (e.d.). *Heimasíða Djúpavíkur*. Sótt 30. október 2016 af <http://www.djupavik.is/sildarverksmidjan-2/>

Síldarverksmiðjan í Djúpavík (e.d.). *Markaðsstofa Vestfjarða*. Sótt 29. október 2016 af <http://www.westfjords.is/is/westfjords/index/the-herring-factory-in-djupavik>

Þorsteinn Matthíasson. (1973). *Hrundar borgir. Djúpavík, Ingólfsfjörður og Gjögur*. Reykjavík: Bókamiðstöðin.